



# UMBÓTAÁÆTLUN NJARÐVÍKURSKÓLA – HAUST 2024

**Umbótaáætlun er unnin út frá niðurstöðum sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2023-2024.  
Áætlunin er kynnt starfsfólki og unnið að framkvæmd hennar skólaárið 2024-2025.**

**September 2024  
Ábyrgðaraðili er Guðný B. Karlsdóttir, aðstoðarskólastjóri  
Unnið af sjálfsmatsteymi skólans auk teymisstjóra fagteyma**

Umbóta- þættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Matstæki og viðmið
<b>Stjórnun skólans</b>	Að stuðla að styrkri stjórnun og skýrri sýn stjórnenda í skólastarfi	Kennsluheimsóknir stjórnenda, að hlutverkaskipting stjórnenda sé skýr og aðgengileg, starfsfólkssamtöl, stjórnendur sýnilegir í almennu skólastarfi, allir stjórnendur þátttakendur í skipulagi, ráðning deildastjóra stoðþjónustu	Jafnt og þétt yfir skólaárið	Skólastjórnendur	Unnið út frá niðurstöðum frá starfsánægjukönnun Moodup, könnunum Skólapúlsins, viðhorfskönnun forráðamanna og starfsfólksamtala	Að mælast yfir viðmiði í Moodup starfsánægjukönnun og landsmeðaltali í niðurstöðum þeirra viðhorfskannanna er varða stjórnun. Að mælast yfir 80% í jákvæðu viðhorfi forráðamanna til stjórnunar skólans. Mat á stjórnun í starfsfólkssamtali sé jákvætt

Umbóta- þættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Matstæki og viðmið
<b>Kennslu- aðferðir og námsmat</b>	<p>Að hver nemandi fái námsumhverfi, aðlögun og útfærslu námsmats við hæfi. Að kynna fyrir forráðamönnum námsmat og aðferðir þess. Að fagfólk innleiði verkfæri leiðsagnarnáms í kennslu með nemendum. Innleiða endurskoðuð greinasvið aðalnámskrá grunnskóla og Matsferil frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.</p>	<p>Kennsluáætlanir unnar af fagfólki sem eru endurskoðaðar að vori. Unnið eftir námsmarkmiðum sem eru skráð á Mentor og meta námsframvindu nemenda jafnt og þétt yfir skólaárið. Einstaklingsáætlanir unnar fyrir þá nemendur sem fylgja ekki árgangi hvað námsmarkmið varðar. Verkfæri leiðsagnarnáms nýtt í kennslu og markmið náms og námsmats eru vel kynnt nemendum og forráðamönnum á skólakynningu og á samtalsdögum. Fagfólk læri hvert af öðru á reglulegum kynningum á verkefnum í kennslu.</p>	<p>Unnið í upphafi skólaárs. Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir skólaárið og fært inn á Mentor, nemendum og forráðamönnum til upplýsingar. Einstaklings-áætlanir unnar að hausti og endurskoðaðar í janúar.</p>	<p>Skólastjórnendur og kennarar skólans í samvinnu við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.</p>	<p>Allar kennslu- og einstaklings-áætlanir endurskoðaðar í lok skólaárs í takt við endurskoðuð greinasvið aðalnámskrár grunnskóla.</p>	<p>Að kennsluáætlanir séu raunhæfar og í takt við markmið Aðalnámskrá grunnskóla. Matstæki eru Skólapúlsinn, viðhorfskönnun foreldra á samtalsdegi í janúar, kaffihúsafundur að vori og/eða hausti og starfsmannasamtöl</p>

Umbóta- þættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Matstæki og viðmið
<b>Líðan nemenda</b>	Að fylgjast með líðan og heilsu nemenda og vinna að forvörnum gegn einelti	<p>Unnið eftir heilsustefnu Njarðvíkurskóla. Unnið eftir PBS agastefnunni og Stöndum saman forvarnarverkefni gegn einelti, unnið eftir eineltisáætlun skólans og samræmdum verkferli frá Reykjanesbæ.</p> <p>Markviss fræðsla til nemenda á skilgreiningu eineltis. ART námskeið fyrir nemendur í 6. bekk, SEL félagsfærninámskeið fyrir nemendur í 7. bekk.</p> <p>Lögð áhersla á einstaklingsviðtöl umsjónarkennara í 7.-10. bekk.</p> <p>Skólavinir í frímínútum.</p> <p>Markviss forvarnarfræðsla.</p>	Jafnt og þétt yfir skólaárið	Teymi skólans, s.s. heilsu- og forvarnateymi, PBS teymi, eineltisteymi, stjórnendur skóla auk annarra starfsmanna skólans með stuðningi frá starfsfólki Menntasviðs.	<p>Unnið út frá starfsánægju-könnun Moodup, niðurstöðum viðhorfs-könnunar forráðamanna, gátlista Heilsueflandi skóla, könnun Skólapúlsins fyrir nemendur og forráðamenn, SET könnun á stöðu PBS í skólanum og þarfagreining PBS sem er lögð fyrir starfsfólk í lok skólaárs af PBS teymi skólans</p>	Að vera yfir landsmeðaltali í þeim þáttum er varða líðan nemenda í Skólapúlsinum og undir landsmeðaltali í tíðni eineltis. Að vera yfir 80% viðmiði í viðhorfi forráðamanna varðandi jákvæða líðan nemenda í viðhorfskönnun.

Umbóta- þættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Matstæki og viðmið
<b>Líðan starfsmanna</b>	Að stuðla að góðri líðan starfsfólks og viðhalda góðum starfsanda í á vinnustaðnum. Að bjóða upp á fræðslu og þjálfun til starfsfólks til að takast á við krefjandi verkefni.	Unnið eftir heilsustefnu Njarðvíkurskóla. Boðið uppá ýmsa fræðslu/fyrirlestra, hópefli og ýmsar aðrar uppákomur.	Jafnt og þétt yfir skólaárið	Skólastjórnendur, heilsu- og forvarnateymið og starfsmannafélag skólans	Unnið út frá Unnið út frá starfsánægju-könnun Moodup niðurstöðum Skólapúlsins, gátlista Heilsueflandi skóla og niðurstöðum líðansamtala á haustönn og starfsfólks-samtala á vorönn	Að niðurstöður um líðan í könnun fyrir starfsfólks samtalið séu jákvæðar og eins yfir landsmeðaltali í Skólapúlsinum. Rætt um hvernig viðhalda má góðum starfsanda á vinnustað á kaffihúsafundi að vori

Umbóta- þættir	Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat	Matstæki og viðmið
<b>Upplýsinga- streymi</b>	Að stuðla að góðu upplýsingaflæði innan skólans sem og inn í sértæk námsúrræði sem eru rekin undir stjórn skólans. Að það sé gott upplýsinga- streymi til nemenda og forráðamanna.	Heimasíða og Facebook síða skólans, fréttabréf starfsfólks, upplýsingarbæklingur til starfsfólks að hausti, tölvupóstur, Workplace innan Reykjanesbæjar	Jafnt og þétt yfir skólaárið	Allt starfsfólk skóla	Unnið út frá samtölum við starfsfólk sem og umræðu á kaffihúsafundi. Niðurstöður viðhorfs- könnunar og Skólapúlsins til að bæta upplýsinga- streymi til nemenda og forráðamanna	Starfsfólk upplifi upplýsingarstreymi gott og viti til hvers er ætlast af þeim. Að vera yfir landsmeðaltali í Skólapúlsinum er varða upplýsingarstreymi bæði hjá starfsfólki og forráðamönnum. Að vera yfir 80 % í jákvæðu upplýsingarstreymi í viðhorfskönnun forráðamanna í janúar

## Áherslur skólaársins 2024 - 2025:

### Samstarf heimila og skóla – Skólasamfélag Njarðvíkurskóla

#### **Markmið**

- Að fá forráðamenn meira inn í starf skólana og að þeir finni mikilvægi þess að taka þátt í skólastarfi barnanna sinna.
- Að forráðamenn séu virkir þátttakendur í lífi/vinnu barna sinna.
- Tengja betur saman forráðamenn og starfsfólk og efla gagnkvæmt traust - við erum öll í sama liði.

#### **Aðgerðir**

- Virk samskipti milli heimilis og skóla með virðingu fyrir ólíkum skoðunum og uppruna
- skólakynningar fyrir forráðamenn að hausti
- Vinna í samstarfi við stjórn foreldrafélags Njarðvíkurskóla
- Fræðsluerindi fyrir bæði forráðamenn og starfsfólk á sama tíma
- Auka persónuleg tengsl með því að taka oftast samtalið – eykur traust og virðingu milli allra og styrkir nemendur með menntun og velferð þeirra að leiðarljósi
- Vinna Foreldrasáttmála frá Heimili og skóla með forráðamönnum
- Skólaping í febrúar 2025 fyrir alla sem koma að skólasamfélaginu

#### **Ábyrgð**

- Allir sem koma að skólasamfélaginu

#### **Mat á aðgerðum**

- Viðhorfskönnun forráðamanna á samtalsdegi í janúar í 3., 6. og 9. bekk

- Foreldrakönnun Skólapúlsins
- Kaffihúsafundur að vori hjá starfsfólki

## **Efling mannauðs – Jákvæður starfsandi í Njarðvíkurskóla**

### **Markmið**

Efla liðsheild, jafnrétti og virðingu sem stuðlar að góðri frammistöðu. Skapa jákvætt og stuðningsfullt vinnuumhverfi þar sem starfsfólk finnur fyrir öryggi og trausti. Það er hagar allra að starfsfólki líði vel í samskiptum og samvinnu í vinnuumhverfinu. Að efla mannauðinn felur í sér að styrkja hæfni, þekkingu og færni starfsfólks.

### **Aðgerðir**

- Hópeflisferð starfsmanna í upphafi skólaárs
- Reglulegir viðburðir á vegum starfsfólksfélagsins, s.s. jólahlaðborð, skemmtikvöld ofl.
- Fyrirlestrar til að stuðla að jákvæðum starfsanda og góðri líðan starfsfólks í starfi
- Að vinna eftir gildum starfsmannahópsins

### **Ábyrgð**

- Allt starfsfólk skólans

### **Mat á aðgerðum**

- Starfsánægjumæling Moodup
- Starfsfólkskönnun Skólapúlsins
- Kennsluheimsóknir og líðan samtöl



- Starfsfólkssamtöl í febrúar/mars
- Kaffihúsafundur starfsfólks að vori

## **Leiðsagnarnám**

### **Markmið**

Markmið leiðsagnarnáms er fjölbreytt og hvetur nemendur til að taka ábyrgð á eigin námi. Leiðsagnarnám hjálpar nemendum einnig til að koma auga á styrkleika sína og áhugamál, hvetur til skapandi hugsunar og stuðlar að betri tækifærum til að læra og vaxa á einstakan hátt.

Að halda áfram innleiðingu á leiðsagnarnámi og kynna verkfæri leiðsagnarnáms fyrir nemendum og forráðamönnum. Að veita fagfólki og nemendum fleiri verkfæri til náms. Styður fagmennsku starfsfólks.

### **Aðgerðir**

- Handleiðsla frá Nönnu Kristínu til leiðtogaeymis
- Reglulegir fundir leiðtogaeymis
- Reglulegar kynningar til fagfólks frá leiðtogaeymi
- Starfsfólk styður nemendur við að þróa eigin hæfni og þekkingu með áherslu á persónulegan vöxt í námi

### **Ábyrgð**

- Leiðtogaeymi leiðsagnarnáms í Njarðvíkurskóla ásamt skólastjórnendum

## **Mat á aðgerðum**

- Nemendakönnun Skólapúlsins
- Skýrsla leiðtogateymis leiðsagnarnáms
- Kaffihúsafundur starfsfólks að vori

## **PBS – Stuðningur við jákvæða hegðun**

### **Markmið**

Unnið hefur verið eftir PBS agakerfinu frá hausti 2007 þegar innleiðing hófst. Fræðsla hefur verið á hverju ári en þar sem það hefur bæst við mikið af nýju starfsfólki og áhrif agakerfisins hefur dalað þá er mikilvægt að fara í markvissa upprifjun og endurnýjun á ýmsum verkfærum agakerfisins.

### **Aðgerðir**

- Reglulegar kynningar á agakerfinu fyrir allt starfsfólk
- Endurvinnna agaferil í takt við verklag og skólareglur
- Endurvinnna veggspjöld og prenta nýja hrósmiða
- Vinna í samvinnu við Rannveigu Hafberg, verkefnisstjóra SMT/PBS á Íslandi
- Leggja fyrir SET könnun til að kanna stöðu agakerfis í skólanum

### **Ábyrgð**

- PBS teymi skólans ásamt skólastjórnendum

## **Mat á aðgerðum**

- SET könnun frá Verkefnisstjóra PBS/SMT
- Viðhorfskönnun forráðamanna í 3., 6. og 9. bekk á samtalsdegi í janúar
- Kaffihúsafundur starfsfólks að vori

## **Efla lestraráhuga og fylgja eftir Lesferli**

### **Markmið**

Að efla lestraráhuga og ánægju getur stuðlað að betri menntun og aukinni þekkingu. Viðhorfsbreyting þarf að vera meðal allra í skólasamfélaginu til að hægt sé að mynda lestrarmenningu hjá nemendum þar sem lestri er gert hátt undir höfði.

Að kveikja áhuga nemenda á lestri sem eykur sjálfstæði þeirra í námi og gagnrýna hugsun. Auk þess eykur það orðaforða og sjálfstraust.

Allir íslenskukennarar fylgja eftir Læsisstefnu skólans sem er unnin í takt við Lesferil og þar koma fram aðferðir og verkfæri til að nýta í lestrarkennslu og annað í tengslum við læsi.

### **Aðgerðir**

- Kynning á Læsisstefnu skólans að hausti til allra íslenskukennara
- Reglulegir teymisfundir læsisteymis
- Læsisvikur
- Reglulegir fundir með fagfólki sem kenna lestur
- Orðaþrenna þar sem unnið er með orðaforða

- Læsissteymi vinnur með starfmanni á bókasafni í verkefnum til að vekja áhuga nemenda á bókakosti skólans. Þar má nefna bókaklúbba, bókagerð, lestraráskoranir, bókakynningar ofl.
- Efla samstarf heimilis og skóla til að lestrarnám nemenda verði farsælt. Þá þurfa væntingar, hlutverk og ábyrgð allra að vera skýr

### **Ábyrgð**

- Læsissteymi skólans
- Allir bóknámskennarar
- Skólastjórnendur

### **Mat á aðgerðum**

- Lesferill
- Niðurstöður nemendakönnunar Skólapúlsins
- Skýrsla frá Læsissteymi skólans

## **Heilsueflandi skóli**

### **Markmið**

Að nemendur þrói með sér góða venjur sem nýtist þeim í framtíðinni. Skapa umhverfi sem styður heilsu og vellíðan með því markmiði að auka árangur og lífsgæði nemenda. Áhersla á þessu skólaári í verkefninu Heilsueflandi grunnskóli er „heimili“. Markmiðið er að tengja betur samstarf við forráðamenn innan skólans með ýmsum leiðum og viðburðum en rannsóknir sýna að þátttaka forráðamanna í foreldrastarfi innan skólans hefur forvarnargildi og stuðlar að farsælli skólagöngu.

## **Aðgerðir**

- Aukið samstarf milli heimila og skóla með það markmið að forráðamenn upplifi að þeir tilheyri skólasamfélaginu og séu virkir þátttakendur í skólagöngu barna sinna
- Að starfsfólk vinni markvisst að því að mynda opin og persónuleg samskipti sem stuðla að trausti milli allra í skólasamfélaginu
- Unnið að farsældarsáttmála í samstarfi við Heimili og skóla á yngra stigi
- Bekkjarkvöld með umsjónarkennara, nemendum og forráðamönnum
- Unnið eftir gátlistum Heilsueflandi grunnskóla frá Embætti landlæknis

## **Ábyrgð**

- Starfsfólk í teymi heilsueflandi grunnskóla ásamt skólastjórnendum

## **Mat á aðgerðum**

- Niðurstöður úr Skólapúlsinum
- Niðurstöður úr viðhorfskönnun forráðamanna nemenda í 3., 6. og 9. bekk á samtalsdegi í janúar
- Skýrsla að vori frá teymi skólans í heilsueflandi grunnskóla